

31. Vestmannaeyjakaupstaður:				
Til fullra	4	ára	aldurs	kr. 570.00
—	—	7	—	— 465.00
—	—	15	—	— 570.00
—	—	16	—	— 285.00

32. Árnessýsla:				
Til fullra	4	ára	aldurs	kr. 410.00
—	—	7	—	— 335.00
—	—	15	—	— 410.00
—	—	16	—	— 205.00

162

19. júlí

Á meðgjöf þessa skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt visitölu eins og hún verður hvern mánuð á tímabilinu ágúst 1943 til júlí 1944. Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júlí 1943.

Björn Þórðarson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGERÐ

163

20. júlí

um viðauka við reglugerð frá 6. ágúst 1936, um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum.

1. gr.

Aftan við 19. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sérleyfishafi og umboðsmenn hans eru skyldir að selja farþegum farseðla milli ákveðinna viðkomustaða allt að viku fyrir fram, sé þess óskað, enda sé þá ritað á farseðilinn, fyrir hvaða áætlunarferð hann gildir, og er sérleyfishafi skyldur að sjá farþegunum fyrir fari með þeirri ferð. Sérleyfishafi er skyldur til að hafa farseðla til sölu á afgreiðslum sínum allan þann tíma, sem afgreiðslurnar eru opnar.

2. gr.

Um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar fer svo sem segir í lögum um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 36 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist hér með öllum hlutaðeigendum til eftirbreytni.

Samgöngumálaráðherrann, 20. júlí 1943.

Vilhjálmur Þór.

Guðmundur Hliðdal.